
1. Tilkynning um atvik
2. Könnun máls
3. Val á málsmeðferð og áætlun um úrlausn skipulögð
4. Framkvæmd úrlausnaráætlunar
5. Eftirfylgd
6. Máli formlega lokið
Sjá nánar Leiðbeinandi verklag um meðferð mála eftir því sem við á:
GÁT-xxx – Nemendur
GÁT-xxx - Starfsfólk
Tilkynning og greining allra atvika skráð á formlegt eyðublað – varðveitt í málaskrá
Nákvæm skráning allra upplýsinga í tímaröð Skráð á formlegt eyðublað – varðveitt í málaskrá
Skráð og undirritað á formlegt eyðublað – varðveitt í málaskrá
Mögulegar leiðir
a) Velja má á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar. Ef um er að ræða kynferðislega áreitni á alltaf að nota formlegu leiðina.
b) Sá sem treyst var fyrir málinu ákveður framhaldið í samráði við þolandann og skólameistara-/aðstoðarskólameistara.
c) Leitað er til lögreglu og barnaverndar (nemandi undir 18 ára aldri) ef grunur er um refsiverða háttsemi
Óformleg málsmeðferð: Leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur (trúnaðarsamtal eða ráðgjöf) – Aðrir fá ekki upplýsingar, þó foreldrar ef nemandi er undir 18 ára aldri. Rætt einslega við þolanda og geranda (ekki sami aðili), leitað eftir tillögum beggja að úrlausn. Hámarkstími meðferðar er 1 mán. Skili hún ekki árangri eða málið er flókið og alvarlegt eða að þolandi óskar eftir formlegri málsferð, þá tekur hún við.
Formleg málsmeðferð: Hlutlaus athugun á málsatvikum (e.a. teymi); rætt við alla hlutaðeigandi og aðra sem geta veitt upplýsingar. Þolandi og gerandi upplýstir jafnóðum um framvindu. Lausn fundin en hún getur falist í málamiðlun (sáttamiðlun), ráðgjöf, handleiðslu eða viðurlögum á grundvelli skólareglna. Að jafnaði er mælt með þessari leið en náist ekki árangur er leitað til utanaðkomandi sérfræðings sem á alltaf við um mál sem varða kynferðislega áreitni eða annað ofbeldi. Formlegri málsmeðferð hjá FVA lýkur þar með.
Úrlausn og eftirfylgd: Tilmælum í úrlausnaráætlun (formlegt eyðublað) meðferðaraðila er fylgt, þ.m.t.rætt við aðila máls á tilgreindum tíma, fylgst með líðan þolanda og samskiptum þolanda og geranda. Haldið utan um framvindu og niðurstöðu í úrlausnarskýrslu (eyðublaðið//minnisblað). Máli telst lokið þegar aðilar hafa undirritað samþykki þar um.